

## 3. gr.

Auk löggildingargjalds reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem ein klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast einnig: akstur, ferðakostnaður sem og iðgjald af váttryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi 1. apríl 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 621/1987.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. mars 1989.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.**

## 1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2., og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum, Strandasýslu, í Mosfellsbæ, á Akranesi, í Borgarnesi, í Ólafsvík, í Stykkishólmi, á Ísafirði og í Bolungarvík. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok janúarmánaðar ársins 1990 skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

## 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar 1990.

*Menntamálaráðuneytið, 18. apríl 1989.*

F. h. r.

**Árni Gunnarsson.**

*Þórunn J. Hafstein.*